



HRUNAMANNAHREPPUR

4. FUNDUR HREPPSNEFNDAR
KJÖRTÍMABILÍÐ 2010 – 2014 9. FUNDUR ÁRSINS
VAR HALDINN MIÐVIKUDAGINN 15. SEPTEMBER 2010
KL. 16.00 Í RÁÐHÚSINU FLÚÐUM

Árið 2010, þann 15. september kom hreppsnefnd Hrunamannahrepps saman til fundar kl. 16.00 í Ráðhúsi hreppsins á Flúðum. Eftirtaldir sátu fundinn: Ragnar Magnússon, Halldóra Hjörleifsdóttir, Þorleifur Jóhannesson, Esther Guðjónsdóttir, Gunnar Þór Jóhannesson og Jón G. Valgeirsson sveitarstjóri, sem skráði fundargerð. Ragnar Magnússon oddviti setti fund og stjórnaði honum. Hann bauð fundarmenn velkomna og óskaði eftir athugasemdum við fundarboð. Engar athugasemdir voru gerðar.

Dagskrá:

Erindi til hreppsnefndar:

1. Aðalskipulagsbreyting vegna færslu á Bræðratunguvegi innan Flúða.

Gengið til dagskrár:

Dagskrá:

Erindi til hreppsnefndar:

1. Aðalskipulagsbreyting vegna færslu á Bræðratunguvegi innan Flúða.

Oddviti lagði fram að lokinni auglýsingu tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Hrunamannahrepps 2003-2015 á Flúðum vegna færslu Bræðratunguvegar, ásamt umhverfisskýrslu. Í tillögunni felst að gert er ráð fyrir að lega tengivegar (Bræðratunguvegar) sunnan og vestan flugvallar breytist. Samhliða verða breytingar á tengivegum annarra vega auk þess sem afmörkun aðliggjandi verslunar- og þjónustusvæðis, tjaldsvæðis, íbúðasvæðis og athafna- og iðnaðarsvæðis breytist lítillega. Tillagan var auglýst til kynningar 29. júlí 2010 með athugasemdafresti til 10. september. Engar athugasemdir bárust. Þá liggur fyrir umsögn Umhverfisstofnunar dags. 3. september og Skipulagsstofnunar dags. 10. september.

Sveitarstjórn samþykkir breytinguna skv. 18. gr. skipulags- og byggingarlaga með smávægilegum breytingum í greinargerð til að koma til móts við athugasemdir Skipulagsstofnunar í bréfi dags. 10. september 2010.

Ekki fleira tekið fyrir, fundi slitið kl. 16:15